# Fréttabréf Árskógarskóla

**Leik– og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð**

78 tölublað 7. árgangur, sumar 2019 Ábyrgðarmaður: Jónína Garðarsdóttir

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

**Heil og sæl!**

Nú styttist óðum í sumarfrí hjá okkur en síðasti dagur fyrir frí er föstudagurinn 12. júlí. Veðrið hefur leikið við okkur og við höfum lagt okkur fram við að vera sem mest úti og njóta frelsis, hreina loftsins og umhverfisins allt í kring. Dagarnir hafa verið ljúfir og spilaðir eftir eyranu með áherslu á frjálsa leikinn og áhuga barnanna hverju sinni.

Starfsmenn leikskólastigs mæta aftur til vinnu þriðjudaginn 13. ágúst eftir sumarfrí en leikskólabörnin mæta þann 14. Starfsfólk grunnskólastigs mætir 15. ágúst en skólasetning verður þann 23. ágúst. Dagatal ágústmánaðar má finna hér fyrir neðan.

Kveðja frá skólastjórnendum, Jónínu og Hjördísi Jónu

## Næsti vetur

Friðrik Arnarson nýráðin skólastjóri Dalvíkurskóla verður einnig skólastjóri Árskógarskóla á komandi vetri. Hjördís Jóna heldur áfram sem deildarstjóri en stjórnar nú bæði leik– og grunnskólastigi og félagsheimili í samvinnu við skólastjóra og deildarstjóra Dalvíkurskóla. Karen Dögg Braun verður umsjónarkennari yngra grunnskólastigs en Guðrún Ásta Þrastardóttir þess eldra. Engar breytingar verða á starfsmannahaldi leikskólastigs. Anna Sólveig Jónasdóttir tekur síðan við sem skólaliði af Elínu Lárusdóttur (sem varð sjötug á árinu). Nánari upplýsingar um skólabyrjun, skólaakstur, stundaskrá ofl. verða sendar til foreldra í tölvupósti áður en skóli hefst.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á skólaárinu sem er að líða, Jónína Garðarsdóttir

**Við óskum afmælisbörnum júní og júlí mánaðar til hamingju með afmælið.**

Jón Ævar Guðmundsson 7 ára þann 1. júní
Emelía Ester Jónsdóttir 9 ára þann 1. júní
Jón Tryggvi Þorsteinsson 10 ára þann 13. júní
Hjördís Harpa Gunnarsdóttir 9 ára þann 21. júní
Stefán Darri Gunnarsson 9 ára þann 21. júní
Agnes Anna Sigurðardóttir 5 ára þann 8. júlí
Soffía Dröfn Jónsdóttir 6 ára þann 14. júlí
Ísadóra Ólafsdóttir 11 ára þann 15. júlí
Íris Björk Þráinsdóttir 9 ára þann 29. júlí

Bestu kveðjur frá starfsfólki Árskógarskóla.

## Gjöld

Engin leikskólagjöld verða rukkuð fyrir júlí mánuð nema fyrir þau börn sem hætta við sumarfrí. Í staðinn verður ágústmánuður greiddur að fullu.

# Viðburðadagatal ágúst 2019

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1.<br>Sumarfrí | 2.<br>Sumarfrí | 3. | 4.<br>Ólafur Örn, 10 ára<br> |
| 5.<br>Sumarfrí | 6.<br>Sumarfrí | 7.<br>Sumarfrí | 8.<br>Sumarfrí | 9.<br>Sumarfrí | 10. | 11. |
| 12.<br>Sumarfrí<br>Elvíra Rós, 5 ára<br> | 13.<br>Starfsfólk leikskólastigs mætir til vinnu eftir sumarfrí. | 14.<br>Börn á leik-skólastigi mæta eftir sumarleyfi. | 15.<br>Starfsfólk grunnskólastigs mætir í hús. | 16.<br>Undirbúningur grunnskólans | 17. | 18. |
| 19.<br>Undirbúningur Grunnskólans<br>Andrea Ýr, 8 ára<br> | 20.<br>Undirbúningur grunnskólans | 21.<br>Undirbúningur grunnskólans | 22.<br>Undirbúningur grunnskólans | 23.<br>Skólasetning. Fyrsti skóladagur grunnskólast. | 24. | 25. |
| 26. | 27. | 28. | 29. | 30. | 31. | |